

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar vegna verslunar og þjónustu á Framnesi og breytingar á hafnarsvæði.

Skipulagsstofnun staðfesti 9. júlí 2024 breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 sem samþykkt var í bæjarstjórn 11. janúar 2024.

Í breytingunni felst að hluta athafnasvæðis (AT-1) á Grundarfirði er breytt í verslunar- og þjónustusvæði (VP-3) ásamt breytingum á skipulagsákvæðum. Gert er ráð fyrir stækkun á hafnarsvæði H-2 með landfyllingum ásamt breyttum skipulagsákvæðum hafnarsvæða H-2 og H-1. Mörk svæðis til sérstakra nota (SN-1) eru löguð að landfyllingum.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 9. júlí 2024.*

F.h. forstjóra,

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

B-deild – Útgáfudagur: 23. júlí 2024